

AUGLÝSING

frá ríkisskattstjóra um skil á skattframtölum og skilamáta skattframtala vegna álagningar opinberra gjalda á árinu 2017 á tekjur ársins 2016 og eignir í lok þess árs.

Skilafrestir.

1. gr.

Framtölum manna skal skila rafrænt á vefsíðunni *skattur.is* til ríkisskattstjóra eigi síðar en 15. mars 2017. Hið sama á við um framtöl þeirra manna sem látist hafa á árinu 2016.

Unnt er að sækja um aukinn skilafrest á vefsíðunni *skattur.is*. Lengdum skilafresti lýkur dagana 19. mars til 20. mars 2017, samkvæmt slembidreifingu.

2. gr.

Framtalsskyldir lögaðilar skulu skila framtali rafrænt á vefsíðunni *skattur.is*. Skila skal eigi síðar en 31. maí 2017. Fagaðilum sem annast framtalsskil fyrir minni lögaðila er þó heimilt á árinu 2017 að skila skattframtölum umbjóðenda sinna til 10. september, enda sé skattframtölum skilað jöfnum höndum, sbr. 5. gr. Með minni lögaðila er átt við lögaðila sem eru með veltu undir 600 milljónum kr. og eignir undir 300 milljónum kr. Gera skal grein fyrir rekstri sameignarfélaga, sem eru ósjálfstæðir skattaðilar, með framtölum eigenda. Skattframtölum fyrir dánarbú, þar sem skiptum hafði ekki verið formlega lokið í árslok 2015, skal skila til ríkisskattstjóra eigi síðar en 31. maí 2017.

3. gr.

Þeir lögaðilar, sem fengið hafa heimild til að hafa annað reikningsár til skattskila en almanaksárið, skulu skila framtali rafrænt á vefsíðunni *skattur.is* eigi síðar en 5 mánuðum eftir lok reikningsárs.

4. gr.

Þeir framteljendur sem af óviðráðanlegum ástæðum geta ekki skilað framtali sínu innan ofangreindra fresta, svo sem vegna veikinda eða tilfallandi dvalar erlendis, skulu skila framtali sínu svo fljótt sem auðið er, rafrænt á vefsíðunni *skattur.is*, og gera grein fyrir ástæðum síðbúinna skila með athugasemd á framtalinu.

5. gr.

Skil endurskoðenda, lögmanna, viðurkenndra bókara og fyrirtækja, sem í atvinnuskyni annast bókhald og framtalsskil fyrir viðskiptavinum sína, sæta sérstökum skilmálum, sem birtir eru fagaðilum árlega. Skilmálar þessir um skil umfram almenna fresti ráðast m.a. af fyrri efndum og taka þannig einungis til þeirra aðila sem stóðu við jöfn og reglubundin skil skattframtala fyrir lok skilafrests á fyrra ári. Með jöfnum skilum er átt við jöfn skil frá upphafsdegi skila til lokadags, þ.e. 1. mars til 10. september. Áréttað skal að hámark skila í ágúst og september skal aldrei fara fram úr 20% hvorn mánuð fyrir sig. Veruleg frávik frá settum skilmálum leiða til þess að viðkomandi fagaðili fær ekki framlengdan frest til skila ári síðar. Fagaðili, sem brotið hefur skilmála við skil á árinu 2017, er því bundinn af því að skila skattframtölum viðskiptavina sinna í almennum skilafresti 2018 ella munu þau framtöl teljast of seint framkomin og sættu því eftir atvikum kærumeðferð skv. 2. mgr. 95. gr. tekjuskattslaga.

Form og skilamáti framtala.

6. gr.

Menn skulu gera grein fyrir tekjum sínum á árinu 2016 og eignum í lok þess árs með eftirfarandi hætti:

- a) Á rafrænu skattframtali 2017 (RSK 1.01) á þjónustusíðu á vefsíðunni *skattur.is*.
- b) Með dulrituðu og undirrituðu skeyti úr framtalsforritum 2017, sem vottuð hafa verið af ríkisskattstjóra.
- c) Á skattframtali 2017 (erlendir starfsmenn) RSK 1.10 (enska) eða RSK 1.13.

Rafrænu skattframtali manns í atvinnurekstri skal fylgja ársreikningur auk tilskilinna rafrænna fylgiskjala, sbr. 7. gr.

7. gr.

Menn, sem stunduðu atvinnurekstur eða sjálfstæða starfsemi á árinu 2016, skulu með skattframtali sínu 2017 gera grein fyrir tekjum sínum og eignum tengdum rekstri á neðangreindum formum er fylgja skulu skattframtali 2017:

- a) Séu tekjur (velta) undir kr. 1.000.000 og eignir í rekstri engar eða óverulegar og framteljandi var jafnframt ekki með virðisaukaskattsnúmer á árinu 2016 skal skila rekstraryfirlitinu RSK 4.10.
- b) Sé velta á bilinu kr. 1.000.000 til kr. 20.000.000 skal skila rekstrarskýrslu RSK 4.11 ásamt viðeigandi fylgiskjölum, enda sé ekki um að ræða samrekstur, frávíkisaðferðir í reikningshaldi eða byggingastarfsemi, þar sem beitt er verklokkaaðferð. Réttilega útfyllt rekstraryfirlit RSK 4.11, sem uppfyllir jafnframt öll skilyrði III. kafla laga um bókhald, telst fullnægjandi ársreikningur í þessu tilliti. Sé eðli starfseminnar hins vegar þannig að sundurliðun á tekjum, gjöldum, eignum og skuldum samkvæmt RSK 4.11 gefi ekki skýra mynd af henni, s.s. sundurliðun helstu tekna- og kostnaðarliða, skal sérstakur ársreikningur fylgja framtali ásamt RSK 4.11.
- c) Sé velta yfir kr. 20.000.000 eða um er að ræða samrekstur, frávíkisaðferðir í reikningshaldi eða byggingastarfsemi, þar sem beitt er verklokkaaðferð, skal skila rekstrarframtali RSK 1.04 ásamt ársreikningi og viðeigandi rafrænum fylgiskjölum.
- d) Ef einstaklingur á eignarhlut eða er ráðandi aðili í félagi (CFC) í lágskattaríki, skal gera grein fyrir slíkum eignarhlut og tekjum af honum á sérstakri skýrslu, RSK 4.25, í framtalskilunum.

8. gr.

Vegna búrekstrar skulu neðangreindar skýrslur fylgja rafrænu skattframtali manns eða lögaðila:

- a) Skattframtali manns skal fylgja landbúnaðarskýrsla RSK 4.08, í stað RSK 1.04 eða RSK 4.11.
- b) Skattframtali lögaðila RSK 1.04, sbr. 9. gr., skal fylgja yfirlit vegna landbúnaðar RSK 4.07.

9. gr.

Lögaðilar skulu gera grein fyrir tekjum sínum á árinu 2016 og eignum í lok þess árs með eftirfarandi hætti:

- a) Á rafrænu skattframtali 2017 (RSK 1.04) á þjónustusíðu á vefsíðunni skattur.is.
- b) Með dulrituðu og undirrituðu skeyti úr framtalsforritum 2017, sem vottuð hafa verið af ríkisskattstjóra.
- c) Lögaðilar, sem telja sig undanþegna skattskyldu skv. 4. tölul. 4. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, eiga þrátt fyrir það að skila skattframtali 2017 í samræmi við ofanritað.
- d) Lögaðilar, sem undanþegnir eru skattskyldu skv. 4. gr. tekjuskattslaga, þó að frátöldum aðilum skv. 4. tölul. 4. gr., sbr. c-lið, eiga ekki að skila skattframtali lögaðila RSK 1.04 vegna tekjuskatts, en beri þeim að standa skil á öðrum sköttum og gjöldum við álagningu 2017, þá skal það gert í rafrænum skilum á framtalsforminu RSK 1.06.
- e) Þeir lögaðilar sem eiga í viðskiptum við tengda aðila (transfer pricing) og falla undir ákvæði um skjölunarskyldu skv. 5. mgr. 57. gr. laga nr. 90/2003, skulu staðfesta skjölunarskylduna og skila með framtalinu forminu RSK 4.28.
- f) Ef framteljandi á eignarhlut eða er ráðandi aðili í félagi (CFC) í lágskattaríki, skal gera grein fyrir slíkum eignarhlut og tekjum af honum á sérstakri skýrslu, RSK 4.25, í framtalskilunum.

Ársreikningi, þ.m.t. skýringum og sundurliðunum, og öðrum tilskildum fylgiskjölum lögaðila skal skilað á sama tíma og skattframtali og með sama hætti og því er skilað, þ.e. rafrænum. Skylda til að skila ársreikningi með skattframtali tekur þó ekki til þeirra örfélaga, sem nýta sér heimild til að

Nr. 77

27. janúar 2017

skila efnahags- og rekstraryfirliti til ársreikningaskrár skv. 1. gr. reglugerðar nr. 974/2016, um framsetningu og innhald ársreikninga örfélaga byggt á skattframtölum („Hnappurinn“).

10. gr.

Auglýsing þessi er birt skv. 90. og 93. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt, og tekur þegar gildi.

Reykjavík, 27. janúar 2017.

Skúli Eggert Þórðarson ríkisskattstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 30. janúar 2017